

# Maðurinn í málverki

eftir Ragnar Þórisson

Listaháskóli Íslands

Myndlistardeild

B.A.-ritgerð (janúar 2010)

Leiðbeinandi: Ragna Sigurðardóttir

## Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
ABSTRAKTMYNDIR	3
Þrír málarar abstrakt expressjónisma	3
Abstraktmyndir mínar	6
MYNDIR AF MANNESKJUNNI	7
Francis Bacon	7
Dumas, Giacometti og Richter	9
Ljósmyndin og málverkið	12
Myndir mínar af manneskjunni	13
NÝJUSTU VERK	15
Ný þróun	15
Nýjustu myndir mínar	16
LOKAORÐ	16
Heimildir	18
VIÐAUKI	19

## INNANGANGUR

Í þessari ritgerð mun ég leitast við að gera grein fyrir myndlist minni, en áhugasvið mitt er málverkið. Reynt verður að sýna hvernig málverk mín hafa þróast frá fyrstu myndunum til dagsins í dag. Fjallað er um áhrif frá erlendum listastefnum og einstökum listamönnum. Jafnframt segi ég frá minni persónulegu sýn og hugmyndum um myndlist.

Ritgerðin skiptist í fjóra aðalkafla. Í fyrsta kafla, sem hefur yfirskriftina *Abstraktmyndir*, er rætt um fyrstu tilraunir mínar í myndlist, en þær beindust að abstraktlist. Gerð er grein fyrir abstrakt expressjónisma og þrem málurum þeirrar stefnu sem höfðu áhrif á þessar tilraunir mínar: Jackson Pollock, Willem de Kooning og Archile Gorky. Nánar er tekið fyrir eitt málverk mitt í þessum stíl. Annar kafla, *Myndir af manneskjunni*, er stærsti kafla ritgerðarinnar. Hér er fjallað um nýtt tímabil sem felur í sér að ég fer að mála mannmyndir. Rætt er um Francis Bacon sem hafði áhrif á myndir mínar af manneskjum og einnig er komið inn á tilvistarstefnuna í myndlist sem hann er talinn tilheyra. Jafnframt er gerð grein fyrir þremur listamönnum sem höfðu sérstaklega til mín: Marlene Dumas, Alberto Giacometti og Gerhard Richter. Hér er einnig komið inn á hvernig málarar nota ljósmyndir sem grunn að verkum sínum og vikið að safni mínu yfir ljósmyndir. Þá er nánar rýnt í fjögur málverk mín frá þessu tímabili. Í þriðja kafla, *Nýjustu verk*, er gerð grein fyrir hvernig verk mín eru í dag og hvernig þau hafa þróast. Hér er fjallað um málarann Peter Doig sem hafði nokkur áhrif á þessi verk. Gerð er nán grein fyrir einu nýlegu málverki. Loks eru meginatriði ritgerðarinnar dregin saman í *Lokaorðum*.

Aftan við ritgerðina er viðauki með 6 sýnishornum af myndum mínum. Þau eru tölusett og vísað til þeirra í ritgerðinni. Allar myndirnar eru án titils.

## ABSTRAKTMYNDIR

### Þrjú málarar abstrakt expressjónisma

Fyrstu tilraunir mínar með málverk voru abstraktmyndir, gerðar veturinn 2006-2007. Ég á enn fáein þessara verka, en mestu hef ég hent. Þessi verk voru gerð undir áhrifum

frá ýmsum. Helstu málarar sem á þessum tíma höfðu áhrif á mig voru bandarísku málararnir Jackson Pollock (1912-56), Willem de Kooning (1904-97) og Arshile Gorky (1904-48). Ég ætla að ræða aðeins nánar um þá og stöðu þeirra í listasögunni.

Þessir málarar falla undir abstrakt expressjónisma. Það heiti hefur listasagan notað um hóp ungra málara sem voru áberandi á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar í Bandaríkjunum og urðu til þess að Ameríka, einkum New York, komst á kortið í nútímalistinni.

Það var bandaríski listfræðingurinn Robert Coates (1897-1973) sem fyrstur sló fram þessu heiti abstrakt expressjónismi árið 1946. En ýmis önnur nöfn voru notuð, svo sem New York School, American-Type Painting, Action Painting og Colour-Field Painting. Þau lýsa hvert um sig ýmsum hliðum þessarar hreyfingar. Listamennirnir sjálfir voru reyndar ekki hrifnir af slíkum nöfnum. Þeir stóðu saman sem hópur að ýmsum baráttumálum, en í listsköpun voru þeir einstaklingshyggjumenn og vildu leggja sterka áherslu á sérkenni sín.<sup>1</sup>

Það hefur verið sagt að þessi hópur væri svo sundurleitur að það væri nærri ómögulegt að skilgreina sameiginlega fagurfræði hjá honum. Hér verður aðeins vitnað í tvo staði til að lýsa þessari hreyfingu almennt.

Í grein frá 1936 gerði bandaríski listfræðingurinn Alfred Barr (1902-1981) greinarmun á tveimur straumum í abstraktlist: annar hefur sterka geometríska byggingu, hinn byggist á innsæi og er fremur tilfinningalegur en vitsmunalegur, formin eru fremur lífræn en geometrísk, línur ávalar fremur en hornréttar og þessi list er frekar rómantísk en klassísk og leggur áherslu á hið dularfulla og sjálfsprottna. Þessi seinni tegund abstraktlistar er ágæt lýsing á abstrakt expressjónisma. Barr hefur jafnframt búið til eins konar ættartöflu yfir þessar tvær tegundir listar. Samkvæmt honum á þessi seinni tegund rætur í list franska málarans Pauls Gauguin (1848-1903), fauvisma franska málarans Henris Matisse (1869-1954), abstraktverkum rússneska málarans Wassilys Kandinsky (1866-1944) og hún tengist sterklega súrrealisma.<sup>2</sup>

Hin greinin sem ég vitna til er eftir bandaríska gagnrýnandann Harold Rosenberg (1906-1978) frá 1947 þar sem hann reynir að skilgreina abstrakt expressjónisma. Hann heldur því fram að þessir málarar keppi eftir að finna aðferð eða tungumál til að sýna eins nákvæmlega og hægt er hvað þeim sé sem einstaklingum tilfinningalega

<sup>1</sup> Barbara Hess: *Abstract Expressionism*. Köln: Taschen, 2005, bls. 7-8.

<sup>2</sup> Sama rit, bls. 6-7.

raunverulegt. List þeirra sé aðferð einstaklings til að gera uppreisn gegn því efnishyggjusamfélagi sem þeir lifa í. Þessir listamenn séu einfatar hver um sig og túlka einmanaleik sinn í listinni.<sup>3</sup>

Af þessum þrem málurum hafði Pollock sterkust áhrif á mig og kom mér á sporið í málverkinu.

Hann byrjaði sem raunsæismálari og þróaðist síðan yfir í hálfúrrealískar myndir. Í viðtali frá árinu 1944 heldur hann því fram að heimkynnin í vesturríkjunum hafi haft sterk áhrif á verk sín, einnig list Indíána. Frá svipuðum tíma (1943) er myndin *The Moon-Woman Cuts the Circle*. Í henni koma fram mótíf úr þjóðtrú Indíána (mánakonan) og jafnframt sjá menn þar áhrif frá spænsku málurunum Pablo Picasso (1881-1973) og Joan Miró (1893-1983). Áhersla Pollocks á list frumbyggja er í samræmi við áhuga hans á hugmyndum svissneska sálfræðingsins Carls Jung (1875-1961) sem setti fram kenninguna um að mannkynið ætti sameiginlega undirvitund.<sup>4</sup>

En það voru sérstaklega myndirnar sem Pollock gerði á árabílinu 1947-1950 sem vöktu áhuga hjá mér. Þá málar hann hin frægu stóru verk sín á striga sem liggur á gólfi og hann beitir dropatækni (the dripping technique). Hann nálgast málverkið frá öllum hliðum og finnst hann vera bókstaflega inni í myndinni. Sköpunin verður ósjálfráð og málarrinn er í þannig ástandi, að eigin sögn, að hann veit varla hvað hann er að gera, lætur undirvitundina vinna, en metur svo útkomuna í rólegheitum þegar vinnunni er lokið.<sup>5</sup>

Arshile Gorky var einn þeirra fyrstu sem málaði í abstrakt expressjónískum stíl. Verk hans hafa einnig verið talin til súrrealisma, enda á hann uppruna sinn í þeirri stefnu og var Miró einn þeirra sem hann lærði af. Gorky gerði myndir sem minntu á lífræn form náttúrunnar, en hann byggði þær á athugunum á lífríkinu, gerði skissur af formum og hreyfingum plantna og skordýra.<sup>6</sup>

De Kooning málaði kraftmiklar expressjónískar myndir. Hann var á mörkum abstraktlistar og fígúratífrar listar. Þó að myndir hans sýnist fljótt á litið óreiðukenndar voru þær alltaf þaulhugsáðar og málaðar af mikilli vandvirkni. Ég hreifst t.d. af hinum frægu konumyndum hans og fígúratífum myndum frá því snemma á ferli hans.

<sup>3</sup> Hal Foster o.fl.: *Art since 1900. Modernism, Antimodernism, Postmodernism*. London: Thames & Hudson, 2004, bls. 350.

<sup>4</sup> Barbara Hess: *Abstract Expressionism*, bls. 26.

<sup>5</sup> Sama rit, 36.

<sup>6</sup> Sama rit, 28.

Það er nokkuð einkennilegt að tala um abstrakt í sambandi við þessa málara. Þó að þeir séu mjög nálægt abstraktinu eru þeir oft með einhverjar fyrirmyndir sem sjást greinilega: konumyndir de Koonings, lífræn náttúra í myndum Gorkys og trúartákn úr list frumbyggja hjá Pollock.

### **Abstraktmyndir mínar**

Ekki man ég hvernig áhuginn á myndlist kviknaði hjá mér fyrir alvöru. En ég held að hann hafi tengst landslagsmálverkum Georgs Guðna (1961-). Á tímabili hafði ég áhuga á að búa til músík eða eins konar hljóðverk í tölvu. Sú tónlist sem höfðaði til mín var andrýmismúsík (ambient) og eitthvað í mér tengdi hana við andrúmsloftið í myndum Georgs Guðna, dulúðina. Þetta kveikti hjá mér löngun til að mála myndir í samræmi við þessa músík. Það að mála mynd fannst mér betur eiga við mig en að fást við hljóðin og ég vonaði að í málverkinu mundi ég frekar ná áþreifanlegum árangri. Það getur vel verið að kyrrðin í myndum Georgs Guðna hafi síðan síast inn í myndir mínar.

Fyrstu málverk mín voru abstraktmyndir sem ég gerði veturinn 2006-2007. Áhrifin voru frá abstrakt expressjónisma. Á þessu stutta tímabili reyndi ég vissulega að gera frambærilegar myndir, en tel að mér hafi ekki tekist það. Því var flestum myndunum hent. Ég lít svo á að þetta hafi verið fyrstu æfingar mínar við málun, ég var að kynna litum, áferð, aðferðum og tækjum.

Það kom fyrir í sumum myndum á þessum tíma að ég sprautaði uppleysiefni á málverk sem ég hafði gert og lét það bíða í nokkurn tíma. Síðan skóf ég strigann og skolaði lausa málningu af. Á þennan hátt fékk myndin tilviljunarkennda áferð sem ég hefði ekki getað náð með öðru móti.

Við *mynd 1* notaði ég einmitt svipaða aðferð. Ég setti terpentínu á strigann og myndin fær þá þessa áferð sem sést á sýnishorni í viðauka og ómögulegt er að ná öðru vísi. Myndin fær ýmis litbrigði (brúnt, grátt, rautt, svart, hvítt). Þetta eru dempaðir litir, en ég hef haldið áfram með slíka liti í myndum mínum. Áferðin á myndinni er lóðrétt. Hún minnir á trjábörk bæði að því er varðar lit og lóðréttu línurnar, en myndin gæti líka minnt á rigningu, þó að ég hafi ekki haft neitt slíkt í huga.

## MYNDIR AF MANNESKJUNNI

Snemma á árinu 2007 hætti ég að gera abstraktmyndir. Mér fannst ég ekki ná góðum tókum á þessari tegund málverka, fannst þau verða grunn og vanta innihald. Á sama tíma vaknaði áhugi á fígúratífum myndum, sérstaklega myndum af fólki. Í slíkum myndum tengist maður manneskjunni og hér er fengist við hið sálræna í fólki, það sem ekki sést alltaf á yfirborðinu.

Áhugi minn beindist nú aðallega að málurum sem fengust við manneskjuna. Sá sem hafði sterkust áhrif var enski málarinn Francis Bacon (1909-1992). Ég hafði kynnst verkum hans af listaverkabókum. Einnig fór ég til London árið 2008 gagngert til að sjá yfirlitssýningu á verkum hans. Ég hef líka athugað viðtöl við Francis Bacon sem gefin hafa verið út. Þar segir hann margt uppbyggjandi um list sína og list almennt á skýran og aðgengilegan hátt.

Það er næstum skylda að kynna sér þennan málara ef maður er að fást við mannslíkamann. Hér á eftir verður fjallað um Bacon sérstaklega, en svo eru nefndir aðrir sem hafa haft sín áhrif.

### Francis Bacon

Francis Bacon einbeitti sér að manneskjunni á tíma þegar abstraktlist var ríkjandi. Hann var sjálfmenntaður í listinni og fór eigin leiðir í vali á myndefni og aðferðum. Verk hans hafa verið flokkuð undir „existential art,“ tilvistarstefnu. Aðrir sem hafa verið settir undir þessa stefnu eru t.d. breski málarinn Lucien Freud (1922-) og svissneski myndhöggvarinn Alberto Giacometti (1901-1966).

Tilvistarstefnan var vinsæl heimspekistefna á meginlandi Evrópu eftir stríð. Helsti höfundur hennar var franskur heimspekingurinn Jean-Paul Sartre (1905-1980). Samkvæmt kenningu hans er maðurinn frjálstur, ber ábyrgð á eigin lífi og getur ekki stuðst við nein trúarbrögð eða siðakenningar. Hann verður að horfast í augu við einmanaleika sinn og fátíðleika guðlausrar tilveru. Hins vegar neyðist hann til að skilgreina sig, skapa

sjálfan sig með athöfnum sínum og hann stendur stöðugt frammi fyrir einhverju vali í lífinu.<sup>7</sup>

Rétt er þó að taka fram að þegar listasagan skilgreinir listamenn á þennan hátt er það ekki af því að þeir séu fylgjendur tilvistarstefnu í heimspeki, heldur vegna þess að list þeirra þykir endurspeglar vel einmanaleika mannsins og dapurlegt andrúmsloft eftirstíðsáranna sem oft hefur verið tengt heimspeki Sartre. Hér er orðið tilvistarstefna því notað í þessari almennu hversdagslegu merkingu sem tilgreind er hér að ofan.

Sartre sjálfum var illa við að heitið væri notað í svo víðri merkingu eða sem tiskufyrirbæri. Hann heldur því fram að orðið notað á þennan hátt merki ekki nokkurn skapaðan hlut. Um kenningu sína segir hann að hún sé „strangfræðileg og eingöngu ætluð fræðimönnum og heimspekingum.“<sup>8</sup>

Bacon var leitandi í listinni fyrstu árin, en árin 1943-44 hefst ferill hans að fullu. Árið 1944 gerir hann *Three Studies for Figures at the Base of a Crucifixion* sem hann telur sitt fyrsta alvöruverk. Síðan taka við verk eins og *Figure in a Landscape* (1945) og *Painting* (1946). Þessar myndir ögruðu fólki og vöktu hrylling.

Bacon vann myndir sínar oft út frá ljósmyndum. Af þeim átti hann mikið magn. Hann gat blandað saman fyrirmyndum. Myndina *Portrait of Lucien Freud* (1951) gerði hann t.d. eftir ljósmynd af Franz Kafka, en hann breytti henni og setti á hana andlit sem líktist Lucien Freud.<sup>9</sup>

Í myndum Bacons koma oft fyrir opnir munnar í ópi. Hann heillaðist af slíkum myndum. Mynd af æpandi barnfóstru í Potemkin eftir Eisenstein kemur fram í ýmsum verkum hans. Hann hefur látið þess getið (ef til vill í gríni) að hann hafi alltaf vonast til að geta málað munninn líkt og Monet málaði sólarlag.<sup>10</sup>

Um 1953-54 fer Bacon að þróa stíl þar sem fígúrnar eru ekki eins bjagaðar og áður og tekur fyrir myndefni úr daglega lífinu. Dæmigert myndefni er maður í jakkafötum sem situr í dimmu herbergi framan við gluggatjöld, svo sem *Man in Blue I-VII* (1954). En nálægt 1960 fer Bacon meir að mála einstakar persónur sem sitja eða liggja í þægilegum sófa, oft naktar. Um þetta leyti fara að koma greinilega í ljós helstu

<sup>7</sup> Gunnar Skirbekk og Nils Gilje: *Heimspekisaga*. Stefán Hjörleifsson þýddi. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 692.

<sup>8</sup> Jean-Paul Sartre: *Tilvistarstefnan er mannhyggja*. Íslensk þýðing eftir Pál Skúlason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007, bls. 50.

<sup>9</sup> Hugh M. Davies. *Francis Bacon. The Early and Middle Years, 1928-1958*. New York: Garland, 1978, bls. 137.

<sup>10</sup> David Sylvester: *Interviews with Francis Bacon*. London: Thames & Hudson, 1993, bls. 50.



einkennin á þeim stíl sem hann sýndi eftir það. Oft eru þetta málverk í stóru formati af einum einstaklingi, sem hann þekkti, venjulega karlmanni, í upplýstu herbergi og situr hann eða stendur í lokuðu rými. Dæmi: *Reclining Woman (1961)*.<sup>11</sup>

Bacon var fígúratífur málari. Hann gerir myndir af raunverulegu fólki og hlutum og hann vill að myndefnið sé byggt á staðreyndum. Hann kastar fram þeirri spurningu hvort við viljum ekki jafnframt að myndin veki hugmyndir um eitthvað annað eða opni önnur svið skynjunar en það einfalda myndefni sem var byrjunin, og hann spyr hvort það sé ekki einmitt þetta sem öll list snúist um.<sup>12</sup>

Bacon varð fyrir áhrifum af egypskum höggmyndum. Einnig voru verk Michelangelos í miklu uppáhaldi hjá honum, sérstaklega teikningar meistarans. Hann var heillaður af myndum Claudes Monet, hafði mikinn áhuga á Vincent Van Gogh og sterk áhrif frá Picasso sjást í ýmsum myndum hans.

Það sem höfðaði til mín í verkum Bacons var þessi sérkennilegi og kraftmikli myndheimur: persónur í einveru, lokaðar í einhverju rými, andlitin skekkt eða afmynduð. Myndirnar fannst mér vera hráar, næstum því eins og „illa“ gerðar. Þetta gerði áhrifin sterkari. Áferðin var líka sérstök, stundum borið á þykkt og þunnt í sömu mynd. Þessar myndir voru eins konar trufluð tilvera sem var í samræmi við eitthvað í sjálfum mér, sama má nú segja um óreiðuna í myndum Pollocks. Mér finnst líka áhugavert hvernig Bacon notar ljósmyndir, alls konar ljósmyndir, til að sækja sér áhrif og þessa aðferð nota ég.

### **Dumas, Giacometti og Richter**

Ég kynnti mér einnig verk annarra málara mannamynda. Einkum fékk ég áhuga á þeim þremur málurum sem nú verður gerð grein fyrir. Þeir hafa vafalaust haft áhrif á myndir mínar.

Fyrst ræði ég um suður-afríska malarann Marlene Dumas (1953-). Hún lærði myndlist í Suður-Afríku, fór í framhaldsnám til Hollands 1976 og hefur dvalist þar síðan.

Dumas gerir olíuverk og blek- og vatnslitamyndir. Myndir hennar eru einkum andlitsmyndir, myndir af mannlíkamanum, oft nektarmyndir, mest af konum, og myndir af börnum. Til að staðsetja list hennar í listasögunni hefur hún verið sögð í ætt

<sup>11</sup> Francis Bacon. Oxford Art Online. 1. kafli, iii.  
<http://www.oxfordartonline.com/subscriber/article/grove/art/T005594?print=true> Sótt 26.10.2009.

<sup>12</sup> David Sylvester: *Interviews with Francis Bacon*, bls. 56.

við expressjónisma og hefur verið borin saman við Edvard Munch, Emil Nolde og Francis Bacon. Einnig hafa verk hennar verið tengd við konsept-list, en Dumas var við nám í Hollandi þegar konsept-listin var í miklum uppgangi. Erfitt er þó að kenna verk hennar við ákveðna stefnu. Nefnt hefur verið að ef einhver ismi ætti við hana þá væri það *eroticismi*. Verk hennar eru mjög erótísk og oft byggð á pornógrafíu.<sup>13</sup>

Dumas málar ekki eftir lifandi fyrsætum, heldur ljósmyndum, úrklippum úr tímaritum, póstkortum og því um líku. Fyrir hana er ljósmyndin ekkert annað en byrjun á hugmynd eða myndverki, og hún heftir alls ekki sköpun málarans með litum, pensilstrofum, áferð og öðru því sem er óskilt ljósmyndinni. Dumas er mjög meðvituð um muninn á þessum tveim miðlum sem hafa ólík tengsl við veruleikann.<sup>14</sup>

Það er erfitt að skilgreina hvað það er sem heillar við myndheim Dumas. Það er andrúmsloftið, tónninn, í myndum hennar. Þær eru dimmleitar, það er eins og skuggi yfir þeim, þær eru ekki blómstrandi hamingja, litirnir ekki sterkir og glaðir eins og t.d. hjá fauvistunum, heldur daprir eða neikvæðir. Samt sér maður hómur í myndunum. Hún mótar andlit og líkama með sérstakri áferð og í myndbyggingunni kemur fram skekkja sem gerir fígúrnar lifandi. Tilviljun kemur mjög sterkt fram í myndum hennar. Það er dularfullur blær yfir manneskjunum og stærð myndanna út af fyrir sig gerir þær áhrifamiklar í sýningarými.

Dumas hefur þann eiginleika að geta rætt um myndlist sína á skýran og skemmtilegan hátt, t.d. í viðtölum og í skrifum sínum. Hér kemur eitt lítið dæmi: „... Málverk fjallar um ummerki mannlegrar snertingar. Það fjallar um húð yfirborðsins. Málverk er ekki póstkort. Innihald málverks er ekki hægt að skilja frá tilfinningunni fyrir yfirborði þess...“<sup>15</sup>

Í öðru lagi nefni ég Alberto Giacometti. Hann hefur verið flokkaður undir tilvistarstefnu. Hann hefur verið álitinn dæmigerður fulltrúi þessarar stefnu og er það til dæmis skoðun Sartre, en hann þekkti Giacometti vel og skrifaði um hann tvær ritgerðir. Giacometti var fyrst og fremst mikill meistari á sviði höggmyndalistar, en gerði líka frábær málverk og teikningar sem hann vann alltaf að öðru hverju með skúlptúrnum.

Giacometti byrjaði mjög ungur að stunda myndlist. Frá árinu 1927 var hann í hópi súrrealista í París, en hafnaði þeirri stefnu 1935 og sneri sér að myndlist sem

<sup>13</sup> Dominic van den Boogerd o.fl. *Marlene Dumas*. London: Phaidon Press, 1999, bls. 74.

<sup>14</sup> Sama rit, bls. 48.

<sup>15</sup> Sama rit, bls. 127.

byggði á athugun á veruleikanum. Um 1946 hefur hann þróað stíl í skúlptúrnum sem hann er þekktur fyrir.

Skúlptúrar Giacomettis eru í aðalatriðum tvenns konar: mannshöfuð eða brjóstmyndir og uppréttar mannverur á stöpli, mjóar og holdlausar. Það eru einkum þessar mjóu verur sem hafa gert hann víðfrægan. Þessar mannverur eru annars vegar konur sem alltaf standa hreyfingarlausar og óvirkar, hins vegar karlmenn sem eru á gangi eða benda með höndunum. Fígúrunar eru sumar mjög háar (allt upp í 270 sm), aðrar nokkrir sentimetrar. Þær birtast ýmist einar sér eða standa saman með ýmsu móti.

Giacometti reynir að sýna mannverur eins og þær eru skynjaðar í fjarska. Fletir sem þær standa á afmarka rýmið umhverfis þær. Þannig er lögð áhersla á fjarlægð þeirra og einveru.

Í málverkunum og teikningunum tekur hann yfirleitt fyrir sömu fyrirsætur aftur og aftur, valdar úr þröngum hópi sinna nánustu. Manneskjan er þó ópersónuleg og starir beint fram. Í þessum myndum fjallar Giacometti líka um fjarlægðina, hún eins og teygir á manneskjunni.<sup>16</sup>

Þegar ég nefni áhrif þá á ég við málverkin og teikningarnar, þó að ég dái skúlptúrinum ekki síður. Þetta eru mest myndir af manneskju, hún er einmanaleg og það er oft mikið rými í kringum hana. Teikningin virðist vera hröð, gerð úr línunum sem vefjast kringum fígúruna eða fara í gegnum hana. Hún er eins og í neti. Myndirnar virðast vera eins og skissur, en þannig er það ekki. Liturinn er oft grár, gulgrár eða brúnn, jafnvel eins og skítugur. Engir bjartir litir. Sumar myndir mínar hafa orðið fyrir áhrifum frá þessum litatónum.

Loks nefni ég Gerhard Richter (1932-). Í upphafi ferils síns, upp úr 1960, varð hann fyrir áhrifum frá popp-list og einnig flúxus-hreyfingunni. En hann leit alltaf á sig sem málara. Nálægt 1962 byrjar hann að mála stórar myndir eftir svart-hvítum ljósmyndum og notar aðeins blæbrigði af gráum lit. Oft bætir hann við því sem mætti kalla móðu (blurring). Hann átti geysimikið safn ljósmynda. Þessar myndir geta verið úr dagblöðum, bókum, tilfallandi fjölskyldumyndir, myndir sem hann tekur sjálfur eða vinir gefa honum, jafnvel loftmyndir af borgum.

---

<sup>16</sup> Upplýsingar um listamanninn fengnar úr: Alberto Giacometti. Oxford Art Online. <http://www.oxfordartonline.com/subscriber/article/grove/art/T032017pg3?print=true> Sótt 19.11.2009.

Með því að nota ljósmyndir sem grunn reynir hann að ná hlutlægni í myndir sínar. Fyrirmyndirnar eru valdar af handahófi, lausar við listræn tilþrif og sleppt er hefðbundnu myndefni og myndbyggingu. Hann vill gæta þess að viðhorf málarans komi ekki fram, segist sjálfur vera hlutlaus og skoðanalaus.

Richter hefur málað myndir af ýmsu tagi, enda er hann frábitinn því að binda sig við einn stíl. Frá árinu 1966 gerir hann myndir sem byggðar eru á litakortum. Hér fæst hann við frumefni málverksins, litinn. Árið 1969 byrjar hann að mála röð af einlitum gráum myndum sem hafa mismunandi áferð litarins. Nálægt 1976 fer hann að mála abstraktmyndir, oft í skærum litum og með breiðum pensilstrofum.<sup>17</sup>

Richter er einn þeirra listamanna sem getur sett fram hugmyndir sínar á einfaldan og skemmtilegan hátt. Um það merkilega fyrirbæri móðuna í myndum sínum hefur hann t.d. sagt að hann noti hana til að gera allt í myndinni jafn mikilvægt eða jafn lítilvægt, að hann noti móðu til að myndirnar verði ekki listrænar, heldur tæknilegar, sléttar og fullkomnar og kannski noti hann móðu til að taka burt ónauðsynlegar upplýsingar.<sup>18</sup>

Það er auðvitað fásinna að líkja eftir myndum Richters. Þær eru svo einstakar og byggja á heimspeki sem er hans eigin. Nokkur einkenni frá Richter hafa samt læðst inn í sumar myndir mínar: litatónar og áferð.

### Ljósmyndin og málverkið

Eitt er að taka ljósmynd, annað að mála mynd. Ljósmyndari notar vél, hann er persónulega í vissri fjarlægð frá myndefninu, vélin er milliliður og ljósmynd verður til á einu augnabliki. Málarinn er hins vegar í beinni snertingu við myndina og það tekur tíma að mála mynd. Málarinn einbeitt sér við myndbyggingu og líti, hugsar um hverja pensilstroku, tekur pásu, þælir, breytir myndinni hér og þar. Sambandið við myndina er að vissu leyti innilegra en hjá ljósmyndara. Hvert smáatriði er sköpun málarans.

Komið hefur fram hér á undan að málarar eins og Bacon, Dumas og Richter nota ljósmyndir sem grunn eða viðmið til að byggja málverk sín á. Þessir málarar eru mjög ólíkir, hafa sterk persónuleg einkenni og nota ljósmyndina hver með sínum hætti. Richter málar nákvæma eftirmynd, en Bacon og Dumas breyta fyrirmyndinni.

<sup>17</sup> Upplýsingar um listamanninn fengnar úr: Gerhard Richter. Oxford Art Online. <http://www.oxfordartonline.com/subscriber/article/grove/art/T072020?print=true> Sótt 27.10.2009.

<sup>18</sup> Gerhard Richter. *The Daily Practice of Painting. Writings and Interviews 1962-1993*. Cambridge, MA: MIT Press; Anthony d'Offay Gallery, 1995, bls. 37.

Í fígúratífum myndum mínum hef ég nokkuð stuðst við ljósmyndir. Hjá mér hefur því orðið til allstórt safn af ljósmyndum sem geymt er stafrænt eða á pappír. Það eru myndir teknar af Netinu, stillur úr bíómyndum og sjónvarpi, myndir úr fjölskyldualbúnum og myndir sem ég hef tekið af kunningjum og vinum.

Myndirnar sem ég safna eru ekki geymdar óbreyttar, heldur taka vissum umbreytingum hjá mér. Þær fara oft gegnum síu: eru skornar til, þeim er skeytt saman, fá ýmiss konar áferð í meðförum mínum í tölvu eða út úr prentara. Myndirnar eru hráar, yfirleitt óvandaðar, og myndefnið gjarnan með blæ hins tilviljunarkennda sem maður reynir líka að ná í málverkinu. Vegna þessara breytinga lít ég á þessar ljósmyndir sem sjálfstæð myndverk. Ég líki ekki nákvæmlega eftir þeim, heldur hjálpa þær mér til að komast af stað og stundum verður útkoman óvænt.

### **Myndir mínar af manneskjunni**

Frá upphafi árs 2007 verða málverk mín öll af fólki. Á þeim er nærri því alltaf aðeins ein manneskja. Ein manneskja nær sterkari tengslum við áhorfandann en fleiri saman. Tvær eða fleiri dreifa athygli áhorfandans og samtalið milli hans og myndarinnar verður ekki eins markvisst.

Þetta eru andlitsmyndir og líka myndir þar sem allur líkami manneskjunnar kemur fram. Líkaminn og staða hans geta sagt mikið um manninn.

Myndirnar eru málaðar í dempuðum litatónum. Sterkir litir eiga ekki að vera ráðandi. Persónurnar eru yfirleitt staðsettar í hlutlausu eða óræðu rými. Ef einhver spyr hvers vegna þessi innilokun og drungi vil ég svara að þetta kom bara svona. Þetta var ekki fyrirfram ákveðið, en er eitthvað úr mínum hugarheimi. Ég var ekki að líkja eftir málara eins og Francis Bacon, heldur var þetta öfugt: ég dróst að list hans vegna þess að myndir af þessu tagi höfðu til mín.

Fyrstu fígúratífu myndir mínar voru svart-hvítar. Þetta stafar af því að þær voru málaðar eftir ljósmyndum sem voru svart-hvítar og ég var upptekinn af því að ná myndinni á striga.

Ég byrja á því að taka fyrir *mynd 2*. Grunnurinn að myndinni er ljósmynd af ættingja. Ég málaði manneskjuna í fyrstu á raunsæjan hátt, en mér fannst það ekki koma vel út og lagði myndina til hliðar. Breytti seinna andlitssvipnum, fyrst með pensli, en notaði svo dagblað til að dreifa litnum. Þá kom fram þetta andlit sem sést á sýnishorninu og mér fannst myndin virka.

Þegar ég mála veit ég í aðalatriðum hverju ég vil ná. Ég held þó að málverk heppnist alltaf fyrir tilviljun. Og í öllum myndum sem heppnast er eitthvað óvænt. Að ná því óvænta er líka undir tilviljun komið.

Í þessari mynd reyni ég að draga úr notkun svarta litarins svo að hann smiti ekki út frá sér og reyni að fá fjölbreyttari liti. Baksviðið er ljósgrátt, í hári konunnar og treyju brúnir tónar. Andlitið er stærra en í raunveruleikanum og fyllir vel út í myndina. Ekkert annað truflar.

Til samanburðar má líta á *mynd 3* sem er máluð á svipuðum tíma. Í henni er sama persóna fyrirmynd. Hér er ég líka að draga úr svarta litnum. Litirnir í þessari mynd eru hlýrri en í mynd 2. Það er minna af gráu, andlitið húðlitað, peysan með rauðum lit og bakgrunnurinn grábrúnn og ekki eins kaldur og í mynd 2. Í báðum myndunum er takmarkaður litaskali. Myndirnar eru hljóðlátar, en í þeim er atriði sem er úr takti við rósemina, það er í báðum tilvikum andlitið.

Næst er að athuga *mynd 4*. Hér fylgir með ljósmynd sem var kveikjan að myndinni. Hún er af bónda (líklega í Afganistan) og hann er að skoða blómin á gulum valmúaaakri. Þetta er dæmi um hvernig ljósmynd getur orðið að einhverju allt öðru í málverki.

Á málverkinu er dimmur blær, ekki sólskin og birta. Mér finnst sjálfum staðsetning mannsins góð, hann er alveg fyrir miðju, en það er óljóst í hvaða umhverfi hann er. Það gæti verið gróður, en liturinn er dimmleitur og nálægt því að vera grágrænn. Maðurinn gæti jafnvel verið í vatni eða að ganga út úr dimmri þoku. Ég hafði ekki ákveðið umhverfi í huga og ég veit ekki sjálfur hvað þetta er. Það að hann birtist svona út úr einhverju óljósu umhverfi gerðist án þess að ég hefði ætlað það fyrirfram. Andlitið er ekki með sama skýra svip og á ljósmyndinni. Veit ekki hver þetta er. Þess vegna er myndin nokkuð dularfull. Það sést hér að ljósmyndin var aðeins viðmiðun rétt í byrjun og svo rofnuðu tengslin milli ljósmyndar og málverks.

Einnig tek ég fyrir *mynd 5*. Þessi mynd er af níu ára stelpu úr fjölskyldunni, máluð eftir tilfallandi heimgerðri ljósmynd.

Málverkið er í gráum tónum. Kjóllinn var fyrst málaður í bleikum lit, en það fór ekki vel. Því var málað yfir hann með dökkgráu. Örlítið af bleika litnum kemur enn fram á jöðrum.

Baksviðið er málað í ljósgráu, en því er ekki ætlað að búa til fjarvídd. Þessi grái litur er ekki andstæða við stelpuna, heldur eins og hluti af henni. Ekkert er málað í

myndina sem gefur umhverfið í skyn (ekki borð eða gluggi). Þess vegna beinist athyglin aðeins að fígúrunni.

Í málverkinu er haldið þeirri tilviljunarkenndu stellingu sem stelpa hafði á ljósmyndinni, hún er á hreyfingu og situr greinilega ekki fyrir. Stelpan er öðru megin á myndinni, ekki í miðju, og efri hluti höfuðsins stendur úr úr myndinni. Hendurnar faldar bak við kjólinn.

Það er erfiðara að mála krakka en fullorðið fólk. Maður hefur ekki eins frjálsar hendur að vinna úr fígúrunni eða breyta henni. Fyrirmyndin er viðkvæmari. Maður vill að það barnslega haldi sér í myndinni.

## NÝJUSTU VERK

### Ný þróun

Á árinu 2009 fara fígúratífu verkin að breytast og þróast í aðra átt. Þessi umskipti komu til af því að ég vildi kanna ný svið. Ég fór að skoða myndlist ýmissa ungra málara og verk þeirra komu mér á sporið. Hér var ekki um nein djúp áhrif að ræða. Einn þessara málara var Bretinn Peter Doig (1959-). Ég fjalla aðeins nánar um hann og lít á hann sem ágætt dæmi um þessa málara.

Landslagsmyndir Peters Doig bera þess merki að hann ólst upp í Kanada. Þær sýna oft mikla víðáttu og oft eru litlar manneskjur á myndinni sem undirstrika víðáttuna.<sup>19</sup> Landslagið er litríkt eins og leyst upp í litaflekki. Þetta landslag minnir stundum á abstraktverk og það er ekki raunverulegt, heldur eins og tilbúið. Litirnir hafa táknræna eða tilfinningalega merkingu. Mörg verkin hafa ævintýrablæ, við erum að ganga inn í töfraveröld og þarna er alltaf kyrrð. Við sjáum mikið speglanir í vatni og oft er horft á myndefnið gegnum skógargreinar eða jurtaflækjur. Doig sækir sér efni úr ýmsum áttum og styðst mikið við ljósmyndir í tímaritum, dagblöðum, ferðabæklingum og fjölskyldualbúnum, póstkort, plötuumslög, jafnvel stillur úr hryllingsmyndum (B-myndum). Hann getur blandað saman svona myndum í einu verki. Á tímabili málaði hann meðvitað undir áhrifum frá naívum málurum.<sup>20</sup>

<sup>19</sup> Í nýjustu myndum hans sýnist mér þó að manneskjurnar séu farnar að stækka og verða aðalatriði myndarinnar.

<sup>20</sup> Paula van den Bosch: "Charley's Space. An Introduction." *Peter Doig: Charley's Space* [útgefið í tilefni sýninga í Hollandi og Frakklandi]. Ostfildern-Ruit: Hatje Cantz, 2003, bls. 13-19.

Persónulega finnst mér myndir Doig skyldar myndum Gauguins að því er varðar form og liti.

### **Nýjustu myndir mínar**

Þessi nýja þróun felur í sér að ég fer að mála stærri myndir en ég hef áður gert til að sjá hvort ég ráði við það. Jafnframt er ekki sama áhersla á persónur í óræðu rými. Nú eru þær komnar út undir bert loft. Hér kemur fram eitthvert umhverfi, jafnvel hús, tré, vatn og himinn. Litaskalinn breytist nokkuð og verður fjölbreytilegri. Litirnir eru samt dempaðir. Þó er það ekki ætlunin að gera landslagsmyndir.

Hér verður *mynd 6* tekin sem dæmi. Myndin er af konu með regnhlíf. Hún staldrar við á stíg eða vegi. Vegurinn liggur á ská til hægri. Meðfram honum er grænn gróður og fyrir ofan gráleitur himinn.

Myndin er máluð yfir aðra mynd. Ýmislegt úr þeirri mynd kemur fram í þessari, t.d. litblærinn á kjólnum (daufur bleikur litur). Um leið urðu nokkrir aðrir hlutar myndarinnar að fá þennan sama blæ til samræmis.

Myndin er máluð fríhendis eftir ljósmynd. Konan lítur beint fram eins og hún hafi stansað til að láta mynda sig.

Í myndinni er notuð sú aðferð að láta litinn leka. Það kemur t.d. fram í gróðrinum og einnig lekur litur himinsins dálítið, þannig að hann rennur saman við gróðurinn. Þessa aðferð hef ég notað í öðrum myndum, t.d. í mynd 1.

Eins og kemur fyrir í þessari mynd, mála ég stundum yfir eldri myndir sem ég hef lagt til hliðar. Þá geta komið fram smáatriði sem óvænt verða hluti af nýrri mynd.

## **LOKAORÐ**

Með þessari ritgerð hef ég gert nokkra grein fyrir myndum mínum, en áhugasvið mitt er málverkið. Þróunin er rakin í tímaröð og rætt um þau áhrif sem hafa mótað mig. Fyrstu tilraunir mínar í málverki voru abstraktmyndir, gerðar 2006-2007. Mér fannst ég ekki ná góðum tókum á þessari tegund myndlistar, en þessar tilraunir voru þó ekki alveg gagnslausar. Líta má á þær sem fyrstu æfingar í málun.

Frá og með árinu 2007 vaknar áhugi minn á myndum af fólki. Þessi áhugi hefur haldist síðan og því fjallar stærsti hluti ritgerðarinnar um myndir af þessu tagi. Hvað er



það sem heillar við að gera myndir af fólki? Í þeim tengist maður myndefninu náíð, maður er kominn nálægt manneskju og farinn að fást við það sálræna sem að baki býr.

Í ritgerðinni geri ég grein fyrir nokkrum málurum mannamynda sem ég fékk sérstakan áhuga á. Vafalaust hafa þeir haft nokkur áhrif á myndir mínar. Þessi áhrif eru ekki endilega varðandi stíl, heldur getur verið um að ræða ýmiss konar tækni í einstökum málverkum, t.d. hvernig áferðin er í verkinu eða hvernig litur er borinn á.

Árið 2009 fara mannamyndir mínar að breytast nokkuð. Ég fer að mála stærri myndir en áður. Fígúran í myndunum er ekki jafn innilokuð og áður var. Lögð er meiri áhersla á umhverfi hennar með húsum, gróðri, himni og fleiru og litaskalinn verður fjölbreyttari.

Í ritgerðinni er oft vikið að því að málara nota ljósmyndir sem grunn að málverkum sínum. Þetta virðist algengt nú á tímum og vekur áhugaverðar spurningar um hvernig málara nálgast veruleikann, hvort ljósmyndin setji mark sitt á málverkið eða hvaða munur sé á málurum sem mála veruleikann beint og hinum sem nota ljósmyndir.

Það kemur fram í ritgerðinni að þróunin í myndum mínum hefur gerst í þrepum þar sem eitt tekur við af öðru. Þá vaknar spurningin hvert verði næsta þrep. Ég hef áhuga á að læra meira um málverkið og finnst sem ég sé rétt að byrja. Vil ekki festa mig í farinu þar sem ég er núna, heldur reyna eitthvað nýtt. Einkum er nauðsynlegt að fjarlægjast ljósmyndina sem ég hef talsvert stuðst við. Hún má ekki hafa neitt ofurvald yfir málverkinu. Ég vil ekki að hægt sé að lesa út úr málverki eftir mig að það sé gert eftir ljósmynd.

Ég hef mikið beint sjónum að nútímamálurum, en held það sé tími til kominn að finna önnur viðmið. Þá liggur beinast við að athuga fortíðina. Sem fyrsta skref í þá átt er áhugavert að kynna sér sem best upphaf expressjónismans og hef ég þá í huga málara eins og Gauguin, Munch og Brücke-málarana. Þar liggja vissar rætur.

## Heimildir

Bacon, Francis. Oxford Art Online.

<http://www.oxfordartonline.com/subscriber/article/grove/art/T005594?print=true> Sótt 26. 10. 2009.

Boogerd, Dominic van den o.fl. *Marlene Dumas*. London: Phaidon Press, 1999.

Bosch, Paula van den: "Charley's Space. An Introduction." *Peter Doig: Charley's Space* [útgefið í tilefni sýninga í Hollandi og Frakklandi]. Ostfildern-Ruit: Hatje Cantz, 2003, bls. 13-19.

Davies, Hugh M. *Francis Bacon. The Early and Middle Years, 1928-1958*. New York: Garland, 1978.

Foster, Hal o.fl. *Art since 1900. Modernism, Antimodernism, Postmodernism*. London: Thames & Hudson, 2004.

Giacometti, Alberto. Oxford Art Online.

<http://www.oxfordartonline.com/subscriber/article/grove/art/T032017pg3?print=true> Sótt 19.11.2009.

Hess, Barbara. *Abstract Expressionism*. Köln: Taschen, 2005.

Richter, Gerhard. *The Daily Practice of Painting. Writings and Interviews 1962-1993*. Translated by David Britt. Cambridge, MA: MIT Press; Anthony d'Offay Gallery, 1995.

Richter, Gerhard. Oxford Art Online.

<http://www.oxfordartonline.com/subscriber/article/grove/art/T072020?print=true> Sótt 27.10.2009.

Sartre, Jean-Paul. *Tilvistarstefnan er mannhyggja*. Íslensk þýðing eftir Pál Skúlason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007.

Skirbekk, Gunnar og Nils Gilje: *Heimspekisaga*. Stefán Hjörleifsson þýddi. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.

Sylvester, David. *Interviews with Francis Bacon*. London: Thames & Hudson, 1993.

## Viðauki



**Mynd 1**  
**Olía á striga**  
**130 x 100 cm**  
**2006**



**Mynd 2**  
**Olía á striga**  
**60 x 55 cm**  
**2008**



**Mynd 3**  
**Olía á striga**  
**70 x 45 cm**  
**2008**



**Mynd 4**  
**Olía á striga**  
**90 x 80 cm**  
**2008**



**Ljósmynd**



**Mynd 5**  
**Ólía á striga**  
**70 x 45 cm**  
**2008**





**Mynd 6**  
**Olía á striga**  
**65 x 50 cm**  
**2009**